



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

MT Ísland ehf.
Vagnhöfða 17
110 Reykjavík

Reykjavík 26. ágúst 2022
Tilv.: UMH22080022/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis MT Íslands ehf., kt. 471119-0160, frá 15. ágúst sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á asbesti í skrifstofuhúsnæði að Ármúla 4, jarðhæð, í Reykjavík. Fram kemur að framkvæmdir hafi staðið yfir á skrifstofuhúsnæðinu um nokkurt skeið. Þegar skipta átti út gluggum hafi vaknað grunsemdir um að plötur sem staðsettar eru fyrir ofan nokkra glugga að innanverðu væru úr asbesti. Tekin hafi verið sýni og send til greiningar. Í ljós hafi komið að um asbest væri að ræða og hafi gluggaframkvæmdir verið stöðvaðar. Plöturnar séu inni í húsnæðinu, stærðin á hverri plötu sé u.þ.b 20 cm x 100 cm, möguleiki sé að ná þeim úr án mikillar asbestmengunar og heildarmagn sé um 1 m² að stærð. Óskað sé eftir undanþágu frá starfsleyfi svo hægt verði að fjarlægja asbestið sem allra fyrst þannig að framkvæmdir geti hafist að nýju. Áætlað sé að niðurrif og hreinsun taki einn dag. Fram kemur einnig að starfsmaðurinn sem muni sjá um niðurrif sé Þröstur Már Sveinsson en bæði hann og fyrirtækið hafi tilskilin leyfi til að vinna með asbest. Meðfylgjandi erindinu var umsögn Vinnueftirlitsins vegna beiðni um að fjarlægja asbest.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sömu laga skal útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, sbr. 1. mgr., enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með tölvupósti 15. ágúst sl. Ráðuneytinu barst tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 18. ágúst sl. þar sem fram kom að við úttekt heilbrigðiseftirlitsins á niðurrifi MT Íslands ehf., hafi komið í ljós að umrætt húsnæði væri ekki að Ármúla 4 heldur að að Ármúla 6.

Heilbrigðiseftirlitið sé búið að leiðrétta heimilisfangið í auglýstri tillögu að starfsleyfi <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu> og hafi umsækjanda verið leiðbeint um að upplýsa Vinnueftirlitið um rétt heimilisfang og fá nýja/leiðrétta umsögn frá því. Ráðuneytinu barst ný umsögn Vinnueftirlitsins með tölvupósti 24. ágúst sl.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 22. ágúst sl. kemur fram að umsókn MT Íslands ehf. um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif og hreinsun á asbestplötum sem eru staðsettar fyrir ofan nokkra glugga að innanverðu á jarðhæð að Ármúla 6 í Reykjavík hafi verið móttækin. Sótt sé um tímabundið leyfi til 15. október nk. og sé umsóknin metin fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlitið hafi farið í úttekt á verkstað, móttækið afrit af umsögn Vinnueftirlitsins fyrir niðurrifinu og sett tillögu að starfsleyfi í auglýsingu. Um sé að ræða skrifstofuhúsnæði sem verið sé að breyta í húsnæði fyrir leikskóla, fyrir 50 börn ásamt 20 starfsmönnum. Við framkvæmdirnar hafi komið í ljós asbest. Verkið hafi verið stöðvað í framhaldinu og sótt um tilskilin leyfi fyrir niðurrifi á asbesti. Það sé brýnt að geta notað húsnæðið sem fyrst fyrir leikskólustarfsemi auk þess sem það sé ávallt æskilegt að framkvæmdir við niðurrif á asbesti tefjist ekki vegna heilsufarshættu sem því getur fylgt. Mælir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með því að MT Íslandi ehf. verði veitt tímabundin undanþága frá tímabundnu starfsleyfi fyrir niðurrifi og hreinsun á asbesti í húsnæði við Ármúla 6, á meðan Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur lýkur afgreiðslu umsóknar fyrirtækisins, í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, að því gefnu að það fylgi ákvæðum starfsleyfisskilyrða fyrir tímabundnum atvinnurekstri vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja og almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Tillaga að starfsleyfi hafi verið auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 15. ágúst sl. og sé auglýsingatími til 12. september nk. Taka þurfi afstöðu til útgáfu starfsleyfis innan fjögurra vikna frá lokum auglýsingatíma. Líklegt sé að niðurstaða liggja fyrir þann 15. september nk. Með umsögninni fylgdi afrit af úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á niðurrifi MT Íslands ehf. á asbesti að Ármúla 6 í Reykjavík, umsögn Vinnueftirlitsins, starfsleyfisskilyrði fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja og almennra starfsleyfisskilyrða Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 16. ágúst sl., er vísað til 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang. Þar sem segir að atvinnurekstur sem geti haft í för með sér losun asbests út í umhverfið, þ.m.t. niðurrif bygginga, byggingarhluta eða búnaðar, sé starfsleyfisskyldur og veiti heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags starfsleyfi fyrir slíkri starfsemi. Einnig er vísað til 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 þar sem segir að útgefandi starfsleyfis skuli vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Fram kemur að Umhverfisstofnun telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að heilbrigðisnefndin telji starfsleyfisumsókn fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn. Stofnunin leggi til að verði undanþága veitt þá gildi hún þar til gefið verði út nýtt starfsleyfi og að fylgt verði ákvæðum starfsleyfisskilyrða fyrir tímabundnum atvinnurekstri vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja og almennra starfsleyfisskilyrða. Stofnunin bendir einnig á að fylgja þurfi þeim kröfum sem mælt sé fyrir um í reglugerðum nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og nr. 705/2009 um asbestúrgang.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 er ráðherra heimilt að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi ef ríkar ástæður mæla með og ef fyrir liggur fullnægjandi starfsleyfisumsókn hjá útgefanda starfsleyfis. Samkvæmt framansögðu hefur MT Ísland ehf. lagt fram fullnægjandi umsókn um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif á asbesti í skrifstofuhúsnæði að Ármúla 6, jarðhæð, í Reykjavík. Samkvæmt úttektarskýrslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er um að ræða mjóa asbestplöturönd fyrir ofan fjóra glugga. Í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 segir að auglýsa skuli opinberlega tillögu að starfsleyfi og að heimilt

sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Samkvæmt umsögn heilbrigðisnefndar Reykjavíkur er auglýsingatími tillögunnar til 12. september nk. Óskað er eftir undanþágu frá starfsleyfi þannig að hægt sé að fjarlægja asbestið sem allra fyrst og hefja framkvæmdir að nýju. MT Ísland ehf. og starfsmaður þess, Þröstur Már Sveinsson sem mun sjá um niðurrif, hafa báðir tilskilin leyfi til að vinna með asbest. Umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 18. ágúst sl., vegna beiðni um að fjarlægja asbest liggur fyrir.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur kemur fram að brýnt sé að geta notað húsnæðið sem fyrst fyrir leikskólastarfsemi auk þess sem það sé ávallt æskilegt að framkvæmdir við niðurrif á asbesti teyfist ekki vegna heilsufarshættu sem því getur fylgt. Mælir Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur með því að MT Íslandi ehf. verði veitt tímabundin undanþága frá tímabundnu starfsleyfi fyrir niðurrifi og hreinsun á asbesti í húsnæði við Ármúla 6, á meðan heilbrigðisnefnd ljúki afgreiðslu umsóknar fyrirtækisins sem verður væntanlega gefið út eftir 12. september nk. Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að stofnunin telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að heilbrigðisnefnd telji starfsleyfisumsókn fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn. Í ljósi framangreinds veitir ráðuneytið hér með MT Ísland ehf., kt. 471119-0160, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á asbesti í skrifstofuhúsnæði að Ármúla 6, jarðhæð, í Reykjavík.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs á asbestplötum sem staðsettar eru fyrir ofan fjóra glugga inn í skrifstofuhúsnæði að Ármúla 6, jarðhæð, í Reykjavík, þar sem stærð hverrar plötu er u.þ.b 20 cm x 100 cm og heildarmagn um 1 m² eins og kemur fram í umsókn um starfsleyfi og úttektarskýrslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
2. MT Ísland ehf. skal fara að skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang sem og ákvæðum starfsleyfisskilyrða fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja og almennra starfsleyfisskilyrða Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi sem Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur auglýst á vef embættisins, sjá: <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglyssingu>
3. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
4. Tryggja skal að allir sem koma að verkinu hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem þeir gætu komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á framkvæmdastað.
5. Að lokinni framkvæmd skal MT Ísland ehf. skila niðurrifsskýrslu til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. MT Ísland ehf. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 16. september 2022. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils verði starfsleyfi ekki gefið út áður.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Umhverfisstofun